

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 23. mars 2026

Mál nr. S-5328/2025:

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Anna Guðbjörg Hólm Bjarnadóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Jóhanni Hallgrími Samúelssyni

(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 10. mars sl., var höfðað með ákæru, útgefinni af lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 25. september 2025, „á hendur Jóhanni Hallgrími Samúelssyni, kt. [...], [...], [...],

I.

fyrir umferðar- og vopnalagabrot með því að hafa, sunnudaginn 11. maí 2025, ekið bifreiðinni [...] undir áhrifum áfengis (í blóðsýni mældist vínandamagn 2,06‰), um Grensásveg 22 í Reykjavík, þar sem lögregla hafði afskipti af ákærða og á sama tíma haft í vörslum sínum hafnaboltakylfu og bitvopn sem lögregla fann í bíl ákærða.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 3., mgr. 49. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og a- og c-lið 2. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr., vopnalaga nr. 16/1998.

II.

Fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, mánudaginn 12. maí 2025, ekið bifreiðinni [...] undir áhrifum áfengis (í blóðsýni mældist vínandamagn 0,99‰), um Móaveg við Dísaborgir í Reykjavík, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 2., mgr. 49. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr., umferðarlaga nr. 77/2019.

III.

Fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, þriðjudaginn 13. maí 2025, ekið bifreiðinni [...] undir áhrifum áfengis (í blóðsýni mældist vínandamagn 2,16‰), um bifreiðastæði við Hagkaup í Spönginni í Reykjavík, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 3., mgr. 49. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr., umferðarlaga nr. 77/2019.

IV.

Fyrir brot á lögreglulögum með því að hafa, mánudaginn 14. júlí 2025, í bíla-geymslu Vöku við Héðinsgötu 2 í Reykjavík, neitað að hlýða ítrekuðum fyrirmælum lögreglu um að koma út úr bifreið.

Telst háttsemi þessi varða við 19. gr., sbr. 44. gr., lögreglulaga nr. 90/1996.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. gr. og 101. gr. laga nr. 77/2019. Jafnframt er krafist upptöku á bitvopni og hafnaboltakylfu í lið I, sem hald var lagt á samkvæmt 1. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998.“

Við þingfestingu málsins var villa í I. kafla ákæru leiðrétt þannig að magn vínanda í blóðsýni hafi verið 1,81‰ en ekki 2,06‰. Gerði ákærði ekki athugasemd við að ákæran yrði leiðrétt með þessum hætti.

Við upphaf aðalmeðferðar málsins féll ákæruvaldið frá því að ákæra fyrir vopnalagabrot í I. kafla ákæru.

Ákærði neitaði sök samkvæmt ákæru I. og III. kafla ákæru, á þeim grundvelli að hann hefði ekki verið að keyra bifreið í umrædd sinn. Þá neitaði hann sök samkvæmt IV. kafla ákæru og kvað lögreglu þar hafa verið að vísa honum burt úr hans eigin bíl. Ákærði játaði sök samkvæmt ákærulið II.

I

Málsatvik

I. kafla ákæru

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst tilkynning umræddan dag kl. 20.23, um öikumann sem væri undir áhrifum að aka bifreiðinni [...] um Grensásveg við Miklubraut. Áður en lögregla kom á vettvang barst önnur tilkynning um að búíð væri að leggja ökutækinu við blómabúð að Grensásvegi 24. Þegar lögregla kom á vettvang var bifreiðinni [...] lagt þar

í bifreiðastæði og fjórir aðilar í bifreiðinni. Ákærði var í ökumannsæti. Ræddi lögregla við ákærða og útskýrði fyrir honum ástæður afskipta og vaknaði grunur um að hann væri undir áhrifum áfengis og ávana- og fíkniefna. Áfengisþef bar frá vitum hans, hann var sljór í háttum, með útvíkkuð sjáöldur, auk þess sem sjáöldur brugðust hægt við ljósi. Opin bjórdós var á milli framsæta. Ákærði kvaðst hafa verið að aka vinum sínum og þau hefðu ákveðið að stoppa. Rætt var við A, sem sat í farþegasæti frammi í. Hann sagðist ekki drekka áfengi og að bjórinn væri ekki hans. A sagði líka að þau höfðu verið á ferðinni en að Jóhann hefði ekki drukkið áfengi fyrir en hann hefði stöðvað bifreiðina. Lögregla bað ákærða að gangast undir öndunarpróf með því að blása í áfengismæli sem hann neitaði að gera. Voru ákærða þá gefin fyrirmæli um að stíga út úr bifreiðinni sem hann neitaði og þurfti því að fjarlægja hann úr ökumannsætinu með valdi. Var hann síðan handjárnaður. Hann var færður í lögreglubifreið þar sem honum var kynnt ástæða handtöku og réttarstaða sakbornings sem hann kvaðst skilja. Jóhann sagði að aðgerðir lögreglu væru ólögmetar og vildi að lögregla myndi sleppa sér. Neitaði hann að hafa sagt áður að hann hefði verið að aka bifreiðinni. Ákærði neitaði að segja hvar kveikjulaslyklar bifreiðarinnar væru og fundust þeir ekki. Ákærði var fluttur á lögreglustöð við Hverfisgötu þar sem var dregið blóðsýni úr honum. Var ákærði sviptur ökurétti til bráðabirgða þar sem hann neitaði að blása í áfengismæli.

Lögregla hafði samband við tilkynnanda, vitnið B, og vitnið C, sem var með B í umrætt sinn. Þeim var kynnt réttarstaða vitnis sem þær kváðust skilja. Þær sögðu báðar að þær hefðu séð bifreiðinni [...] vera ekið um Grensásveg og lýstu ökumanninum sem sköllóttum karlmanni á fertugsaldri. Einnig sögðu þær ökumann [...] hafa virkað undir miklum áhrifum einhvers konar vímuefna. Hann hefði átt erfitt með að stjóra bifreiðinni. Bifreiðinni hefði síðan verið lagt í bifreiðastæði við Grensásveg 22.

Tvö blóðsýni voru tekin úr ákærða á lögreglustöð, hið fyrra kl. 21:14 og hið síðara kl. 22:16. Voru þau send Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði til greiningar. Reyndist vínandamagn í fyrra blóðsýninu vera 1,81‰ en 1,59‰ í hinu síðara. Við dómsmeðferð málsins var aflað viðbótarmatsgerðar Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði. Var þar svarað spurningum um hvert ölvunarástand viðkomandi hefði verið kl. 20:23 og hvort mögulegt væri að viðkomandi hefði drukkið á tímabilinu kl. 20:23 til 20:45. Niðurstaða rannsóknastofunnar var sú að sennilegast væri að hann hefði hætt drykkju a.m.k. tveimur tímum fyrir en hugsanlega bætt einhverju lítils háttar við á umræddu tímabili.

II. kafli ákæru

Ákærði játaði sök samkvæmt þessum kafla ákæru og vísast til ákæru varðandi málsatvik sem ákærði hefur gengist við og eru í samræmi við gögn málsins.

III. kafli ákæru

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu voru lögreglumenn við almennt umferðareftirlit við Spöngina í Grafarvogi þegar þeir sáu bifreiðina [...] þar sem henni var lagt í bifreiðastæði fyrir framan Hagkaup. Þar sem eigandi bifreiðarinnar, ákærði í máli þessu, hefði verið tekinn fyrir ölvun við akstur þá skömmu áður var ákveðið að kanna ástand hans þegar lögreglumennirnir sáu ákærða aka bifreiðinni úr bifreiðastæðinu. Var því ákærða gefið merki um að stöðva akstur með forgangsljósum. Stöðvaði ákærði þá aksturinn. Ákærði var tekinn tali og við uppflettingu á kennitölu hans kom í ljós að hann hafði verið sviptur ökuréttindum til bráðabirgða frá 12. maí 2025. Áfengisþef lagði frá vitum ákærða og blés hann 2,26‰ í áfengismæli. Ákærði var í kjölfarið handtekinn og farið með hann á lögreglustöðina á Vínlandsleið. Vakthafandi hjúkrunarfræðingur dró blóð úr honum kl. 22:07 og var Jóhann frjáls ferða sinna að blóðtöku lokinni. Ákærði óskaði eftir því að honum yrði ekið á bráðamóttöku þar sem hann væri komin í fráhvörf vegna áfengisneyslu og liði mjög illa. Lögreglumenn á næturvakt tóku við ákærða og óku honum á bráðamóttöku í Fossvogi.

Blóðsýni úr ákærða var sent Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði til greiningar. Reyndist vínandamagn í blóðsýninu vera 2,31‰.

IV. kafli ákæru

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst tilkynning um óvelkominn aðila sem hefði komið sér fyrir í bifreið í bílageymslu Vöku við Hédinsgötu 2, Reykjavík. Þegar lögregla kom á vettvang reyndist vera um að ræða ákærða í máli þessu. Lögregla gaf sig á tal við hann þar sem hann lá sofandi í farþegasæti bifreiðarinnar. Vildi hann lítið tala við lögreglu en fór fram á það að lögregla myndi færa bifreiðina út fyrir Vökuport. Var honum tjáð að hann yrði að greiða út bílinn áður en það myndi eiga sér stað. Var ákærði illskiljanlegur sökum ástands. Mátti finna áfengisþef koma frá vitum hans og var hann þvoglumæltur. Voru ákærða gefin ítrekuð fyrirmæli um að koma úr bifreiðinni sem hann varð ekki við. Var þá bifreiðin færð úr bifreiðastæði með lyftara og ákærði í kjölfarið fjarlægður úr henni. Ákærði streittist mjög á móti við handtökuna og var hann færður í handjárn.

Ákærði var síðan fluttur á lögreglustöðina við Hverfisgötu þar sem hann var vistaður í fangaklefa.

Í málinu liggur fyrir myndband úr búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi. Má þar sjá að ákærða eru margoft gefin fyrirmæli um að yfirgefa bifreiðina en neitar ákærði því.

II

Skýrslur fyrir dómi

I. kafli ákæru

Ákærði kvaðst ekki hafa verið að aka í umrætt sinn. Hann ætti þó bifreiðina. Hann kvaðst hafa verið búinn að drekka og að hann hefði farið í bifreiðina áður en lögreglan hefði komið á vettvang. Hann kvaðst ekki muna hvaðan hann hefði verið að koma. Aðspurður um hvers vegna hann hefði sagt á vettvangi að hann hefði ekið kvaðst hann ekki hafa sagt það. Aðspurður um hver hefði ekið að Grensásvegi 22 kvaðst hann ekki muna það. Það hefði kannski verið hann en það hefði þá verið áður en hann hefði drukkið. Kvaðst hann ekki muna hvenær bíllinn hefði komist þangað. Aðspurður um hvað hann hefði drukkið þennan dag kvaðst hann hafa drukkið hreint handspritt.

Lögreglumaður D kvað hafa borist tilkynningu um að ökumaður væri mögulega undir áhrifum við akstur. Þegar lögreglumenn hefðu komið á vettvang hefði bifreiðin verið kyrrstæð. Hefði lýsing ökumanns passað við ákærða sem setið hefði í ökumannssæti þegar lögreglan kom á vettvang. Hefði hann verið ölvaður. Hefði ákærði verið handtekinn og dregið úr honum blóð. Vitnið kvaðst ekki muna hvort hann hefði rætt við vitni á vettvangi. Hann vísaði til frumskýrslu sinnar og kvað rétt það sem þar kæmi fram.

Lögreglumaður E kvað hafa borist tilkynningu um ölvaðan ökumann og síðan hefði borist önnur tilkynning um að ökumaður hefði lagt bifreiðinni. Hefði hann farið á vettvang. Hefði ákærði verið í ökumannssætinu og verið handtekinn. Hann kvaðst að öðru leyti ekki muna atvik vel.

Lögreglumaður F kvaðst hafa farið á vettvang í umrætt sinn. Hefði ökumanni verið lýst sem krúnurökuðum og hefði ökumaður passað við þá lýsingu. Hann hefði neitað að fara úr bílnum. Hefði hann greinilega verið ölvaður.

Vitnið G kvað ákærða hafa komið og sótt sig og kærasta sinn við N1 við Hringbraut í umrætt sinn. Hún kvaðst lítið muna eftir bílferðinni en hún myndi að þau

hefðu síðan stoppað við Grensás. Eftir hennar besta minni hefði ákærði ekið bifreiðinni en minni hennar hefði hins vegar ekki verið upp á tíu á þessum tíma.

Vitnið B kvaðst hafa ekið eftir Miklubraut í umrætt sinn, ásamt vinkonu sinn, vitninu C, þegar hún hefði tekið eftir bifreið sem hefði verið ekið einkennilega og rásað til á veginum. Hefði hún fylgst með bifreiðinni og þótt ökumaður hennar stefna bæði sér og öðrum í hættu. Hefði hann verið sköllóttur eða snoðaður maður á miðjum aldri. Kvaðst vitnið þá hafa hringt í Neyðarlínuna og tilkynnt um aksturslag ökumannsins og hættuna sem stafaði af því. Hún kvaðst síðan hafa keyrt á eftir bifreiðinni áfram Miklubrautina og þaðan inn á Grensásveg þar sem akstur bifreiðarinnar hefði verið stöðvaður við blómabúð sem þar er. Kvaðst vitnið hafa keyrt upp Grensásveg og síðan snúið við og fylgst með bifreiðinni þar til lögreglan hefði komið á vettvang, sem hefði verið skömmu síðar. Hefði hún ekki séð neinn yfirgefa bifreiðina og ekki séð hreyfingu inni í henni.

Vitnið C kvaðst hafa verið að keyra með vinkonu sinni, B, í umrætt sinn. Hefðu þær þá séð þar sem bifreið var ekið einkennilega og hefði hún rásað milli akreina. Hefðu þær hringt í Neyðarlínuna. Bílnum hefði verið beygt inn á Grensásveg og verið lagt þar. Hefðu þær beðið og fylgst með bifreiðinni þar til lögreglan kom á vettvang. Hún kvaðst halda að ekki hefði verið nein hreyfing inni í bifreiðinni áður en lögreglan kom, en kvaðst þó ekki muna það vel.

III. kafli ákæru

Ákærði kvaðst hafa verið að drekka í umrætt sinn og setið í bílnum. Hefði lögreglan komið til hans ítrekað til að tala við hann. Hann kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni. Hún hefði verið rafmagnslaus og því hefði ekki verið hægt að keyra hana.

Lögreglukona H kvaðst hafa séð ákærða í umrætt sinn þar sem hann hefði setið í bíl sem hefði verið lagt í stæði. Hún kvaðst hafa kannast við hann. Hefði hann bakkað bílnum úr stæðinu og hefðu þær þá stöðvað aksturinn, en lögreglunemi hefði verið með henni á vettvangi. Hún kvað ákærða hafa verið mjög drukkinn. Hún kvað lögreglunemann síðan hafa keyrt bílinn aftur í stæðið.

Lögreglunemi I kvaðst hafa verið á vettvangi í umrætt sinn ásamt lögreglukonu H. Hefðu þær séð ákærða bakka bifreið sinni úr bílastæði. Hefði hann verið undir áhrifum áfengis. Kvaðst hún hafa keyrt bifreiðina aftur í bílastæðið. Hefði ákærði síðan verið færður á lögreglustöð og dregið úr honum blóð. Aðspurð um þann framburð ákærða að

bifreiðin hefði verið rafmagnslaus og því óökufær kvað hún það vera rangt. Hann hefði bakkað henni úr bifreiðastæðinu og hún hefði ekið henni til baka í stæðið.

IV. kafli ákæru

Ákærði kvaðst hafa verið búinn að drekka mikið í umrætt sinn, hann hefði verið á þriðju flösku af handspritti. Hann hefði verið ósáttur við að bíllinn hans hefði verið fluttur í Vöku. Hann hefði sofið í bílnum þegar hann hefði verið tekinn og fluttur. Hann kvaðst ekki muna eftir atvikum.

Ákærði kvað persónulega hagi sína vera aðra í dag en þegar brotin voru framin. Hann hefði farið í [...] og væri nú hjá [...] að vinna í sínum málum. Hann væri með sitt eigið húsnæði og gengi betur en áður.

Vitnið J, sem vinnur hjá Vöku, kvað ákærða hafa komið í afgreiðslu Vöku umræddan dag og hefði hann beðið um að fá að fara í bifreið sína, sem þar var, til að sækja eigur sínar. Hefði það verið leyft. Hefði hann þá lagst fyrir í bílnum og opnað bjór. Hefði hann síðan neitað að yfirgefa bifreiðina. Lögreglan hefði verið kölluð á vettvang og hefði ákærði margoft verið beðinn um að yfirgefa bifreiðina. Það hefði hann ekki gert sjálfviljugur.

Lögreglumaður K kvað tilkynningu hafa borist um aðila inni í bíl á athafnasvæði Vöku. Hefði sá aðili fengið leyfi til að sækja eigur sínar en síðan neitað að fara. Þegar komið hefði verið á vettvang hefði ákærði verið sofandi í bifreiðinni. Hefði hann ekki orðið við óskum um að yfirgefa bifreiðina. Hefð hann þá verið tekinn úr henni með valdi og farið með hann á lögreglustöð. Aðspurður kvað vitnið ákærða hafa verið meðvitaðan um hvað væri í gangi þótt hann hefði verið ölvaður.

Lögreglumaður L kvaðst hafa komið á vettvang í umrætt sinn. Hefði hann þekkt ákærða frá fyrri afskiptum. Hefði hann verið sofandi í bíl sínum og neitað að fara. Hefði verið reynt að fá hann úr bifreiðinni en hann ekki fengist til þess. Hefði hann því verið færður úr bifreiðinni með valdi, handtekinn og færður á lögreglustöð.

III

Niðurstaða

I. kafli ákæru

Vitnin B og C gáfu að mati dómsins afar skýran og trúverðugan framburð um akstur bifreiðarinnar [...] í umrætt sinn. Lýstu þær því hvernig bifreiðin hefði rásað um veginn og að þær hefðu ákveðið að hringja í Neyðarlínuna til að tilkynna um háskalegan akstur hennar. Þá lýstu þær því hvernig bifreiðinni hefði verið beygt inn á Grensásveg og lagt við blómabúð sem þar er. Hefðu þær farið á eftir bifreiðinni eftir Grensásvegi, snúið við og beðið eftir að lögreglan kæmi, sem hefði verið mjög skömmu síðar.

Þegar lögreglan kom á vettvang sat ákærði í ökumannssæti bifreiðarinnar. Hann hefur hins vegar mótmælt því að hafa ekið bifreiðinni. Framburður hans hefur hins vegar hvorki verið skýr né stöðugur. Var hann fyrir dómi ekki viss um hvenær bifreiðinni hefði verið ekið að Grensásvegi og kvaðst mögulega hafa ekið henni þangað sjálfur áður en hann hefði hafið drykkju.

Ákærði hefur ekki haldið því fram að hann hafi skipt um sæti við einhvern farþega bifreiðarinnar eftir að hún var stöðvuð og bendir ekkert í framburðum eða gögnum málsins til þess að hann hafi gert það. Þvert á móti bendir skýr og trúverðugur framburður vitnanna B og C að hann hafi ekki gert það. Þá kom fram hjá vitninu G að hana minnti að það hefði verið ákærði sem hefði ekið í umrætt sinn en hafði þó þann fyrirvara að þar sem ástand hennar hefði verið slæmt á þessum tíma myndi hún atvik ekki vel.

Þegar litið er til framangreinds er það niðurstaða dómsins að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi ekið bifreiðinni í umrætt sinn, eins og honum er gefið að sök í ákæru. Þá er hafið yfir skynsamlegan vafa, þegar litið er til viðbótarmatsgerðar Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, um hvert ölvunarástand ákærða hafi verið kl. 20:23 umræddan dag og hvort mögulegt væri að viðkomandi hefði drukkið á tímabilinu kl. 20:23 til 20:45, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, eins og honum er gefið að sök í ákæru.

Með vísan til alls framangreinds er ákærði sakfelldur fyrir það brot sem honum er gefið að sök í umræddum kafla ákæru og er það rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

II. kafla ákæru

Ákærði játaði sök samkvæmt þessum kafla ákæru og er játningin í samræmi við gögn málsins. Með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið og er brot hans þar rétt heimfært til refsíákvæða.

III. kafli ákæru

Lögreglukona H og lögreglunemi I gáfu fyrir dómi afar skýra, afdráttarlausa og trúverðuga framburði um atvik í umrætt sinn. Voru framburðir þeirra samhljóða í öllum aðalatriðum. Kváðust þær báðar hafa séð ákærða bakka bifreið sinni úr bifreiðastæði og að þær hefðu þá stöðvað aksturinn. Hefði lögreglunemi I síðan ekið bifreiðinni aftur í bifreiðastæðið. Telur dómurinn, með vísan til framburða þeirra, gegn neitun ákærða, hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi ekið bifreiðinni í umrætt sinn eins og honum er gefið að sök í ákæru. Hefur ákærði ekki mótmælt því að hann hafi verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn.

Með vísan til alls framangreinds er ákærði sakfelldur fyrir það brot sem honum er gefið að sök í umræddum kafla ákæru og er það rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

IV. kafli ákæru

Í málinu liggur fyrir myndband af atvikum í umrætt sinn. Má þar sjá ákærða í bifreið sinni og lögreglumenn gefa honum fyrirmæli um að koma úr bifreiðinni. Sinnir ákærði því ekki. Grípa lögreglumennirnir þá til þess ráðs að draga hann út úr bifreiðinni og handtaka hann síðan. Er að mati dómsins ljóst, á grundvelli gagna málsins og þeirra framburða sem raktir eru hér að framan, að ákærði sinnti ekki ítrekuðum fyrirmælum lögreglu, sem sett voru fram á grundvelli 19. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, um að koma út úr bifreiðinni. Er ákærði því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í umræddum kafla ákæru og er hún réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákvörðun refsingar

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 24. september 2025, hefur ákærði ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi sem hefur þýðingu við úrlausn máls þessa. Með hliðsjón af framangreindu, sakarefni þessa máls, og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 610.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem ákærða ber að greiða innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu/birtingu dóms þessa að telja en sæta ella fangelsi í 32 daga.

Fyrir liggur að ákærði var sviptur ökurétti til bráðabirgða 12. maí 2025. Í málflutningi sínum hélt sækjandi því fram að svipting ökuréttar hefði verið felld úr gildi 8. september 2025. Sú ákvörðun hefði hins vegar ekki verið tilkynnt ákærða heldur einungis

verið færð í ökuskírteinaskrá. Engin gögn eru um þessa ákvörðun í málinu og verður hér ekki tekið tillit til hennar. Með vísan til ofangreinds og lagaákvæða í ákæru er ákærði því sviptur ökurétti í fjögur ár og 10 mánuði frá fyrrgreindri sviptingu ökuréttar til bráðabirgða.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Stefán Karls Kristjánssonar, 850.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og 200.373 krónur í annan sakarkostnað.

Björn Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Hallgrímur Samúelsson, greiði 610.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja en sæti ella fangelsi í 32 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í fjögur ár og 10 mánuði frá 12. maí 2025.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefán Karls Kristjánssonar lögmanns, 850.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og 200.373 krónur í annan sakarkostnað.

Björn Þorvaldsson